



Fundargerð

4. fundur stjórnar FRÍ á starfstímabilinu 2016-2018, haldinn
miðvikudaginn 25. maí 2016 20:00 á Café Flóru.

Mætt: Freyr Ólafsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Gunnar Svavarsson, Eiríkur Valsson, Helgi S. Haraldsson, Lóa Björk Hallsdóttir og Sonja Sif Jóhannsdóttir.

Lovísa Hreinsdóttir, Björg Ágústsdóttir og Guðlaug Baldvinsdóttir voru fjarri góðu gamni.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Boðun og dagskrá fundar

Fjallað um málið og samþykkt.

2. Formleg samþykkt á atriðum sem hafa verið staðfest milli funda

Fundargerðir fyrsta, annars og þriðja fundar teknar til endurtekinnar afgreiðslu og samþykktar.

Rætt um nýtt form á fundargerðum, samkvæmt góðri venju úr stjórnarsýslu.

Samþykkt að nota þessa útfærslu.

4. Verkaskipting stjórnar

- Fjallað um verkaskiptingu stjórnar og ábyrgð stjórnarmanna.
 - Tengiliður er vaktmaður á umferðarljósin.
 - Formaður ekki tengiliður neinnar nefndar.
 - Grunn tillaga er að hver stjórnarmaður sé tengiliður einnar nefndar.
 - Helgi S. Haraldsson tekur að sér að gera tillögu. (#54)
- Stjórn var sammála að setja af stað vinnu við að koma upp trúnaðarmannanefnd innan hreyfingarinnar. Starfsnefnd verður skipuð um verkefnið. (#53)
- Fjallað um mönnun fastanefnda.
 - Sett tímamörk fyrir erindisbréf og mönnun nefnda. Samþykkt að formenn skili inn nefndarmönnum fyrir 10. júní. Einnig óskað að sé skilað inn drögum að erindisbréfi fyrir 1. júlí. (#55)



5. Yfirlit yfir stöðu, ábyrgð og framgang helstu verkefna

- Stjórnarnefnd um kostnaðarpáttöku kynnir tillögur sínar. (#36)
 - Tillögur ekki klárar. Nefnd fær frest fram á síðasta dag mánaðar. Tillögur munu verða senda út til félaganna fyrir síðasta dag mánaðar.
- Afreksstefna FRÍ - næstu skref og skiladagur. (#37)
 - Sent út til félaganna 31. maí samkvæmt tillögu fundar.
- Stjórnarnefnd um málefni skrifstofu kynnir minnisblað sitt (#34)
 - Samþykkt að halda áfram vinnu á greiningu skrifstofu. Samþykkt að formaður gangi strax frá samkomulagi við framkvæmdastjóra og sumarstarfsmann.
- Formaður kynnir skipan starfsnefndar um NM U20 í Hafnarfirði og framgang. (#28)
 - Formaður kynnti stöðu verkefnis í Hafnarfirði sem er í ákveðnum byrjunarfasa. Heilmikil áskorun að koma í réttan farveg en miklir möguleikar til að láta dæmið verða vel heppnað.
- Kynning á stöðu Smáþjóðameistaramóts á Möltu (#24)
 - Starfsnefnd heldur áfram með það verkefni. Kynning send út á morgun fimmtudag. Sameiginleg æfing á laugardag.
- Birting gagna frá þingi og fréttatilkynningar (#32)
 - Rætt um málið. Starfsnefnd tryggir að málið komist áfram.

6. Fjölmiðlar og EM í Amsterdam og fjáröflun þeirra verkefna?

Formaður hefur rætt samstarf við fjölmiðla. Okkar er að ákveða hvort við efnum til samstarfs og hvernig við fjármögnum það verkefni.

Samþykkt að ganga til samstarfs, en að það sé á forsendum FRÍ. Starfsnefnd vinnur málið á milli funda.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21:45.

Ritun fundargerðar: Freyr Ólafsson